

Félagssfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 7. september, 2022

Fyrirlesari: Hans Tómas Björnsson, læknir.

Efni: Framtíðarsýn læknisfræðinnar.

Mættir: 31, félagsmenn og nokkrir makar.

Formaður setti fundinn og minntist þeirra lækna sem látist höfðu frá síðasta fundi:

Sighvatur Snæbjörnsson, Sigurður Jónsson, Eyjólfur Haraldsson, Bjarki Þórarinsson, Sigurgeir Kjartansson.

Fundarmenn risu úr sætum og vottuðu þeim virðingu sína.

Formaður kynnti dagskrá vetrarins og bauð ræðumann dagsins velkominn; Hans Tómas Björnsson, lækni. Fyrirlesari dró upp ævintýralega mynd af framtíðarsýn sem National Human Genome Research Institute setti fram 2020 og spáði hvernig staðan yrði 2030. Margt af þeirri framtíðarsýn er þegar komið fram. Talað er um 3 byltingar, í sjúkdómsgreiningu, meðferð við sjúkdómum og notkun og greiningu á gögnum. M.a. verður starfsemi allra gena skilgreind, erfðaupplýsingar verða notaðar í öllum klínískum sérgreinum og verður það jafnsjálfsagt og mælingar á blóðgildum. Erfðafræðilegar lækningar verða til á tugum sjúkdóma. Þegar eru hafnar slíkar lækningar gegn t.d. slímseigjusjúkdómi og mismunandi formum vöðvadystrophíu. Með CRISPR-Cas9 var fundin leið til markvissra genabreytinga. Þannig getur ein inngjöf á basabreytandi lyfi leitt til varanlegrar lækkunar á LDL kólesteróli í öpum með tiltekinn erfðagalla. Hans Tómas lauk fyrirlestrinum á samantekt í þremur liðum: Í náninni framtíð verða allir raðgreindir og upplýsingarnar notaðar reglulega í klíník; líftækni getur af sér mjög sértæk lyf sem jafnvel þarf bara að gefa einu sinni; gervigreind verður notuð til að nýta risastór gagnasett.

Óttar Guðmundsson/Helga M. Ögmundsdóttir